



Samstarfssamningur

Landspítala

og

Handlæknastöðvarinnar

um

sérnam í bæklunarskurðlækningum



1. Grein: Samstarfsaðilar

- 1.1 **Samstarfsaðilar:** Samstarfssamningur þessi varðar formlegt samstarf eftirfarandi aðila um handleiðslu og þjálfun sérnámslækna í bæklunarskurðlækningum á Landspítala:
- Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, Ísland (Landspítali)
 - Handlæknastöðin, Álfheimar 74, 104 Reykjavík

2. Grein: Bakgrunnur og grundvöllur sérnáms og samstarfssamnings

- 2.1 **Bakgrunnur:** Á undanförunum árum hefur mikil þróun átt sér stað í uppbyggingu sérnáms lækna á Íslandi. Lögð hefur verið áhersla á þróun sérnáms í öllum stærstu sérgreinum lækninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla.
- 2.2 **Grundvöllur:** Sérnám í öllum greinum læknisfræði skal fara fram samkvæmt gildandi reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Sérnám fer fram samkvæmt marklýsingu í bæklunarskurðlækningum og á þeim deildum Landspítala og viðbótarstöðvum sem samþykktar hafa verið af mats- og hæfisnefnd, sem starfar á forræði heilbrigðisráðuneytis skv. ofangreindri reglugerð.

3. Grein: Umsjón og framkvæmd

- 3.1 Yfirumsjón með allri umsýslu og framkvæmd þessa samnings á Landspítala er í höndum yfirlæknis sérnáms f.h. framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Kennslustjóri í bæklunarskurðlækningum ber ábyrgð á framkvæmd sérnáms í samvinnu við forstöðumenn eininga beggja stofnana í samræmi við gildandi starfslýsingu kennslustjóra sérnáms í læknisfræði.
- 3.2 Gert er ráð fyrir að sérnámslæknar í bæklunarskurðlækningum vinni á báðum stöðum á meðan þjálfunartíma Handlæknastöðinni stendur nema að sérstakar aðstæður leyfi það ekki. Sérnámslæknar starfa í heildina a.m.k. 3 mánuði á Handlæknastöðinni í 80% dagvinnu og á Landspítala 20% dagvinnu ásamt vaktavinnu. Tímabilið getur lengst ef það fer ekki fram í einni samfellu.
- 3.3 Þess skal gætt að framkvæmd taki til allra þátta sérnáms og marklýsingar hennar á öllum námsstöðum. Hér er átt við skipulag handleiðslukerfis, matskerfis, notkun skráningarkerfis, kennsluprógramms og mats á framgangi.

4. Grein: Ábyrgð og skyldur samstarfsaðila

4.1 Við undirritun samstarfssamnings þessa skuldbinda samstarfsaðilar sig til að:

- 4.1.1 Tryggja að sérnámslæknir hafi nafngreindan klínískan handleiðara fyrir hverja starfsstöð
- 4.1.2 Tryggja að allir handleiðarar hafi lokið viðeigandi handleiðsluþjálfun
- 4.1.3 Tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til að uppfylla hæfnikröfur marklýsingar fyrir þann tíma sem sérnámslæknir starfar á viðkomandi stofnun og í samvinnu fyrir sérnámið í heild
- 4.1.4 Tryggja að sérnámslæknar hafi tækifæri til að taka þátt í þeirri kennslu sem skipulögð er, eins og krafa er gerð um í marklýsingu og framgangskröfum
- 4.1.5 Helstu verkefni á starfsnámstímabilinu eru tilgreind í viðauka um starfsnám í Handlæknastöðin í samræmi við marklýsingu.

4.2 Á meðan sérnámslæknar eru við störf á Handlækningastöðinni á grundvelli þessa samnings eru þeir eftir sem áður starfsmenn Landspítala samkvæmt gildandi ráðningarsamningi þeirra. Á þeim hvíla því skyldur og þeir njóta réttinda gagnvart spítalanum í samræmi við það. Um faglega ábyrgð, m.a. vinnuveitendaábyrgð, á störfum viðkomandi starfsmanna fer samkvæmt lögum. Handlæknastöðin ber faglega ábyrgð, m.a. vinnuveitendaábyrgð, á þeim starfsmönnum sem starfa á Handlæknastöðinni


5. Grein: Uppsagnarákvæði

5.1 Ef vanefndir verða á samstarfssamningi þessum og/eða ágreiningur verður um efndir samningsins, skulu aðilar leitast við að jafna ágreininginn og ná fram sáttum, ella er hvorum aðila heimilt að rifta samstarfssamningi þessum með tólf mánaða fyrirvara.

6. Grein: Gildistími og endurskoðun


6.1 Samkomulag þetta gildir frá og með 1.7.2023 til og með 1.7.2026 og skal þá endurskoða.

F.h. Landspítala



Gunnar Thorarensen
yfirlæknir sérnáms

F.h. Handlæknastöðvarinnar



HANDLÆKNASTÖÐIN HE
ALFHÉLMUM 104 REYKJAVÍK
KFI 42034 0263

Úlfar Þórðarson
framkvæmdastjóri